



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir grunnskóla í 10 færanlegum kennslustofum (Skólaþorpið í Laugardal) að Reykjavegi 19, F2531038, merking K96-E, K153-E, K106-E, K105-E, K104-E, K103-E, K154-E, K155, K156-E, K157-E.

Nafn leyfishafa: Reykjavíkurborg

Heimilisfang: Ráðhúsið, 101 Reykjavíkurborg

Kennitala: 530269-7609

Gildir frá: 13. maí 2026

Gildir til: 13. maí 2038

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir grunnskóla.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skýlt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 13. maí 2026



Skólaþorpið í Laugardal

kt. 530269-7609

Tjarnargötu 11

vegna grunnskóla í starfstöð fyrirtækisins að Reykjavegi 19.

Málsmeðferð er í samræmi við ákvæði í 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti.

Dags. umsóknar. Sjá kafla 1. hér að neðan.	27. mars 2026
Rekstraraðili, kt.	Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609
Heiti fyrirtækis	Skólaþorpið í Laugardal
Staðsetning starfsstöðvar, fasteigna- og rýmisnúmer.	Reykjavegi 19, F2531038, merking K96-E, K153-E, K106-E, K105-E, K104-E, K103-E, K154-E, K155, K156-E, K157-E
Tegund starfsemi	Töluliður 89 í viðauka við lög nr. 7/1998.
Tílefni umsóknar	Ný starfsemi
Staðfesting á samþykki byggingarfulltrúa og sam- ræmi við skipulag. Sjá kafla 2. að neðan.	Staðfesting barst með umsókn þann 7. apríl 2026.
Dags. birtingar auglýsingar, efni tillögunnar, hvar hún var birt og frestur til athugasemda. Sjá kafla 4. hér að neðan.	09.04.2026-07.05.2026 Í tillögunni er lagt til að um starfsemina gildi almenn starfsleyfisskilyrði fyrir grunnskóla. Auglýsing var birt á vefsíðu HER
Athugasemdir sem bárust. Hafi athugasemdir borist er gerð grein fyrir þeim í kafla 5. hér að neðan.	Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma
Hafi verið gerðar breyt- ingar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu er gerð grein fyrir því í kafla 6. hér að neðan.	Engar breytingar voru gerðar á auglýstri tillögu að starfsleyfi
Afgreiðslufundur nr., dags. og afgreiðsla. Sjá kafla 7. hér að neðan.	Umsóknin var lögð fyrir 1908, afgreiðslufundur HER þann 13.05.2026. Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára.



1. Móttaka á umsókn

Umsókn rekstraraðila um starfsleyfi barst Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Umsókn var metin fullnægjandi.

2. Samræmi við skipulag og heimila notkun húsnæðis

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skal rekstraraðili sýna fram á að samþykki byggingarfulltrúa liggi fyrir og starfsemin standist skipulag.

Með umsókninni barst staðfesting byggingarfulltrúa á ofangreindu.

3. Undanþága um bráðabirgðarheimild til Umhverfis- og orkustofnun (UOS) reglugerð nr. 903/2024.

Rekstraraðili sótti um bráðabirgðarheimild til að hefja kennslu í færanlegum kennslustofum á lóð Skólaborpsins í Laugardal, Reykjavegi 19, 104 Reykjavík. Áform um veitingu bráðabirgðaheimildarinnar voru auglýst á tímabilinu frá 8. apríl til og með 12. apríl 2026 á vef UOS. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatímanum. Bráðabirgðarheimild var samþykkt 13. apríl 2026.

4. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögu að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis hún er og hvar megi nálgast tillöguna. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögu útgefanda að starfsleyfi innan fjögurra vikna frá auglýsingu. An invoice has been posted to your online banking under Skýmatar ehf. (Company Registration No. 690726-0330).

Tillaga að starfsleyfi er auglýst á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins <https://reykjavik.is/starfsleyfi-i-auglyssingu-samkvaemt-reglugerd-nr-9032024>.

5. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

6. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.



7. Ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis (ákvörðun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur ef lagt fyrir nefndina).

Í samræmi við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019, nánar tiltekið viðauka 2.2 sem fjallar um embættisfærslur framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar, var ofangreind starfsleyfisumsókn lögð fyrir afgreiðslufund Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

8. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Dags. 15.9.2026, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Ástrún Eva Sívertsen